# Breyting á aðalskipulagi.
# Afmörkun kirkjugarðs á Naustahöfða




Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til samræmis við tillögu að nýju deiliskipulagi kirkjugarðsins á Naustahöfða. Í breytingunni felst lítils háttar stækkun svæðis 2.61.11 O og endurskoðun marka skipulagsreita 2.61.11 O og 2.61.12 S.

Í tillögu að nýju deiliskipulagi kirkjugarðs Akureyrar á Naustahöfða er lóð garðsins afmörkuð nokkuð stærri en núverandi afmörkun í aðalskipulagi. Stækkunin nær til svæðis, sem í gildandi skipulagi er óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir að núverandi bílastæði vestan garðsins og ný stæði sunnan hans verði þannig innan nýrra lóðamarka og er landnotkunarreit aðal-skipulagsins breytt miðað við það. Í nýju deiliskipulagi er er auk þess gert ráð fyrir viðbyggingu við Höfðakapellu og nýju áhaldahúsi í tengslum við núverandi áhaldahús.

## Áhrifamat

Breyting þessi er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Á þeim svæðum sem stækkunin nær til eru engar skráðar fornminjar. Stækkun kirkjugarðslóðarinnar hefur engin áhrif á verðmæt eða merkileg náttúrufyrirbrigði og getur ekki talist hafa nein neikvæð áhrif á umhverfið. Með breytingunni er aðgengi að garðinum bætt til muna.

## Breytingar á greinargerð

### Kafli 4.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Breytingin er innan skekkjumarka og gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar.

### Kafli 4.13 Opin svæði til sérstakra nota

**Svæði 2.62.11 O:** Stærð verður 10,4 ha í stað 9,0 ha.

Breytingin gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar.

## Breyting á skipulagsuppdrætti

**Stofnanasvæði 2.61.12 S:** Minni háttar lagfæring á norðurmörkum reitsins.

**Opið svæði til sérstakra nota 2.62.11 O:** Reiturinn stækkaður til vesturs og suðurs sem nemur bílastæðum skv. deiliskipulagstillögu. Minni háttar lagfæringar á öðrum útmörkum.

**Stígakerfi**: Aðalstígur á vesturjaðri skipulagssvæðisins og útivistarstígur á nöfunum austan garðsins lagaðir að deiliskipulagstillögu.

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- R Flutningslínur rafveitukerfis Loftlínur
- R R Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- R Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- H Aðveitulögn hitaveitu
- V Aðveitulögn vatnsveitu
- F Útrás fráveitu
- L Ljósleiðari
- D Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _______________

_______________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra
þann _______________

_______________________ _______________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.
þann _______________

_______________________ _______________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
# ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR

BREYTING
Afmörkun kirkjugarðs á Naustahöfða.

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar | Mælikvarði 1:10.000 | Dags. 16. sept. 2009

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508 NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740 VEFFANG: www.teikna.is